

Innlend kröfufjármögnun





Hvað er kröfufjármögnun?

Kröfufjármögnun er rekstrarlán sem ætlað er að fjármagna innlendar viðskiptakröfur. Landsbankinn fjármagnar allt að 85% af höfuðstól krafna, sem losar strax um fjárbindingu fyrirtækja í viðskiptakröfum.


Með þessari fjármögnunarleið er hægt að nýta andvirði útistandandi krafna strax í stað þess að bíða eftir að greiðslufrestur viðskiptavina renni út. Hér er á ferðinni hagkvæm og einföld fjármögn-

unarleið sem sparar bæði vinnu og fyrirhöfn.

Kröfufjármögnun hentar fyrirtækjum með útistandandi fé bundið í viðskiptakröfum. Kröfuhafi/kröfuútgefandi fær

lánað út á kröfusafn sitt og nær þannig fjármagni inn í reksturinn á skjótari hátt. Með kröfufjármögnun gefst fyrirtækjum kostur á að fá aukið rekstrarfé með fjármögnun gegn veði í viðskiptakröfum.

Svona virkar innlend kröfufjármögnun



» Þægindi í fyrirrúmi	» Fyrirkomulag
Dæmi: - Fyrirtæki stofnar viðskiptakröfu að fjárhæð 1.000.000 kr. - Rafrænn greiðsluseðill birtist strax í netbanka greiðanda eða seðill á pappírsformi er sendur til hans í pósti. - Landsbankinn fjármagnar allt að 850.000 kr. - Við greiðslu kröfunnar er kröfulánið greitt sjálfkrafa, það sem eftir stendur er greitt til kröfuhafans. - Greiddir eru vextir af þeim hluta kröfulánsins sem kröfuhafi velur að taka hverju sinni.	Miðlægt viðskiptakröfukerfi bankanna, svonefndur kröfupottur, gegnir burðarhlutverki í innlendri kröfufjármögnun Landsbankans og er forsenda gildrar kröfu í fjármögnuninni. Samspil kröfupotts og netbanka gefur kröfuhöfum kost á stöðuyfirliti sem uppfært er daglega og tryggir gott streymi upplýsinga. Allar færslur fara í gegnum netbanka fyrirtækja sem veitir góða yfirsýn yfir kröfusafnið. Þetta sparar vinnu og fyrirhöfn.

Ávinningurinn er margþættur

- » Styður við vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í beinu hlutfalli við aukna sölu.
- » Stuðlar að betri nýtingu á fjármunum fyrirtækisins og eykur hagræðingu í rekstri.
- » Veitir möguleika á að greiða birgjum fyrr og ná fram hagstæðari innkaupum.
- » Lánsviðskipti verða í raun að staðgreiðslu og óvissa um greiðsluflæði minnkar.
- » Losar um fé sem annars er bundið í útistandandi kröfum.
- » Hægt er að óska eftir útgreiðslu kröfulánsins samdægurs, eingöngu eru greiddir vextir af þeim hluta sem óskað er eftir að nýta hverju sinni.

Allt á einum stað

Netbanki fyrirtækja er öflug lausn á sviði rafrænna bankaviðskipta. Hann stýttir vinnuferli og eykur hagræði í bókhaldi með notendavænum aðgerðum.

Samspil innheimtu og fjármögnunar

Notendur kröfufjármögnunar hafa fullt aðgengi að innheimtuþjónustu Landsbankans og geta gert alla kröfugerð sjálfvirka í kerfinu. Notendur hafa þannig yfirlit yfir

stöðuna á öllum kröfum á hverjum tíma og eiga möguleika á því að veita greiðendum sínum greiðslufresti.

Haldið er utan um breytingasögu krafna og hægt er að rekja kröfu frá útgáfu til greiðslu.

Í netbankanum er ítarlegt yfirlit yfir kröfuuppgjör, aldursgreiningu og lánaflokkka.

Aldurs- greining krafna	Höfuðstóll krafna	Lánshæfar kröfur	Styrkleika- flokkur greiðenda	Fjöldi fyrir- tækja	Lánshæfar kröfur
<30 dagar	18.000.000 kr.	18.000.000 kr.	Flokkur A	20	12.000.000 kr.
31-60 dagar	3.000.000 kr.	1.500.000 kr.	Flokkur B	5	3.500.000 kr.
61-90 dagar	2.000.000 kr.	– kr.	Flokkur C	20	4.000.000 kr.
>90 dagar	1.000.000 kr.	– kr.	Flokkur D*	3	
Samtals	24.000.000 kr.	19.500.000 kr.			19.500.000 kr.


*Kröfur á ólánshæfa greiðendur.

Í netbankanum er jafnframt að finna sjálf- virka styrkleikaflokkun greiðenda og hefur notandinn því forsendur sem nýta má til frekari greiningar á kröfusafni og svigrúmi til lántöku.

Netbanki fyrirtækja birtir eldri tímabil Kröfu- fjármögnunar sem nýtast bókhaldi jafnt við afstemningar og gerð árshluta- og ársupp- gjörs. Notendur geta skoðað sögu heildar- krafna, lánshæfra krafna, ráðstöfunar- fjárhæða og veittra lánsfjárhæða.

Fullkomin yfirsýn í netbanka fyrirtækja

- 1 Yfirsýn á stöðu
- 2 Yfirsýn yfir lánshæfi kröfusafnsins
- 3 Yfirsýn yfir aldursflokk krafna
- 4 Upplýsingar um greiðendur, stöðu krafna og lánshæfi



Kynntu þér innlenda kröfufjármögnun á landsbankinn.is

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða
sendu okkur póst á krofufjarmognun@landsbankinn.is
